



ÖLDRUNARHEIMILI AKUREYRAR

Rekstur ársins 2018. Yfirlitlitsmyndir og skýringar.

REKSTUR ÖA

Tekjur námu tæpum 2.740 m. kr. árið 2018 og þar af var framlag Akureyrarbæjar 209 m. kr. Laun og launatengd gjöld námu tæpum 2.000 m. kr. eða 94,5% af áætlun ársins. Vörukaup námu rúmlega 194 m. kr. og þjónustukaup 576 m. kr. Vörukaup voru 3 m. kr. yfir áætlun en þjónustukaup 4 m. kr. undir áætlun.

Lúðvík Freyr Sæmundsson
Rekstrarstjóri 6.6. til 11.10.2019

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Málaflokkur 177; Raun / Áætlun	4
Tekjur	5
Laun og launatengd gjöld.....	7
Fjarvera.....	9
Tekjur og gjöld.....	10
Vörukaup.....	11
Þjónustukaup.....	18
Hugleiðingar.....	23

Myndayfirlit

Mynd 1 Laun og stöðugildi 2015 til 2018.....	7
Mynd 2 Yfirvinna (einingar).....	8
Mynd 3 Skráð fjarvera vegna veikinda starfsfólks.....	9
Mynd 4 Fjarvera vegna barna (klst)	9
Mynd 5 Matarkostnaður rekstrareininganna í Hlíð og Lögmanshlíð.....	11
Mynd 6 Matarkostnaður heimila á Lögmanshlíð (beiðnakerfi Timian).....	12
Mynd 7 Matarkostnaður heimila á Hlíð (beiðnakerfi Timian).....	13
Mynd 8 Matarkostnaður, Smjörvi og smjör (beiðnakerfi Timian).....	13
Mynd 9 Matarkostnaður, kaffi (beiðnakerfi Timian).....	13
Mynd 10 Lyf og hjúkrunarvörur, heildarkostnaður	14
Mynd 11 Lyf og hjúkrunarvörur, kostnaður eftir heimilum.....	15
Mynd 12 Lyf og hjúkrunarvörur, mánaðarlegur kostnaður eftir flokkum	15
Mynd 13 Lyfjakostnaður, súrefni.....	16
Mynd 14 Hreinlætisvörur, útgjöld ÖA	16
Mynd 15 Útgjöld í áhöld og munir.....	17
Mynd 16 Ýmisleg útgjöld	17
Mynd 17 Þjónusta heilbrigðisstétta á heimilum.....	19
Mynd 18 Þjónusta heilbrigðisstétta, sjúkraþjálfun.....	19
Mynd 19 Ræsting húsnæðis	20

Rekstur ÖA – Árið 2018

Mynd 20 Ýmis þjónustukaup	21
Mynd 21 Útgjöld vegna aksturs	22

Töfluyfirlit

Tafla 1 Rekstur ÖA 2018	4
Tafla 2 Heildaryfirlit rekstrar ÖA 2018-samandregið.....	5
Tafla 3 Daggjöld og breytingar frá árinu 2014 til 2018	5
Tafla 4 Heiti bókhaldslykla sem varða tekjur ÖA.....	6
Tafla 5 Laun og launatengd gjöld	7
Tafla 6 Laun og launatengd gjöld og tekjur	10
Tafla 7 Þjónusta heilbrigðisstétta, verkþættir.....	18

Útgáfa 4. 2019

Inngangur

Tilgangur þessarar samantektar er að bæta upplýsingamiðlun og gefa mynd af rekstri ÖA. Markmiðið er líka að efla kostnaðarvitund stjórnenda, starfsfólks, íbúa og aðstandenda, enda vitað að aukin kostnaðarvitund hefur áhrif á útgjöld. Allar ábendingar eru vel þegnar og mega beinast til höfundar.

Stærsti útgjaldaliður Öldrunarheimila Akureyrar (ÖA) eru laun og launatengd gjöld (lt.gj.). Á heimilunum starfa um 320 manns yfir vetrartímann í 202 til 206 stöðugildum og á sumrin verða um 400 til 500 nöfn á launaskrá í um 218 stöðugildum. Kynjahlutfallið er ójafnt og hallar verulega á karla en þeir eru um 6% starfsmanna, 94% starfsmanna eru konur. Meðalaldur starfsmanna er 43 ár.

Rekstri ÖA er skipt upp í kostnaðarstöðvar. Í daglegu tali eru heimili íbúa með fasta eða tímabundna búsetu, eldhús, þvottahús, skrifstofa, iðju- og félagsstarf og dagþjálfun, kallaðar kostnaðarstöðvarnar. Aðrar kostnaðarstöðvar eru sameiginlegur kostnaður í Austurbyggð 17, s.s. rafmagn og hiti.

Í árslok 2018 voru á ÖA 182 leyfð rými, 172 hjúkrunarrými og 10 dvalarheimilisrými. Af 172 hjúkrunarrýmum eru 17 rými til skammtímaðvalar. Að auki eru leyfi fyrir 36 rýmum í dagþjálfun í Hlíð en 16 þeirra eru svokölluð „sértæk rými“ og er eitt þeirra rekið fyrir Eyjafjarðarsveit samkvæmt samningi. Alls eru 20 almenn dagþjálfunarrými.

Alls komu 6 einstaklingar í dvalarrými (2 konur og 4 karlar) á árinu, 74 komu í hjúkrunarrými (49 konur og 25 karlar) og 147 einstaklingar nýttu sér skammtímarými (93 konur og 54 karlar). Alls nýttu 102 einstaklingar sér dagþjálfun (71 kona og 31 karlar) en að meðaltali koma um 70-80 einstaklingar í dagþjálfun í hverri viku. Nýting hjúkrunarrýma var 99,7%, dvalarrýma 93,4% og nýting dagþjálfunarrýma var 100%. Nýting í hjúkrunarrýmum í fastri búsetu var 100,1% en nýting í hjúkrunarrýmum í tímabundinni dvöl var 95,4%.

Nýjir íbúar sem fluttu inn í föst rými voru 80, 55 einstaklingar fluttu í Hlíð og 25 í Lögmannshlíð. Meðalaldur einstaklinga í hjúkrunarrýmum var 85,9 ár og 86,8 ár í dvalarrýmum á árinu 2018. Konur voru 68,4% notendahópsins en karlar um 31,6% sem er óbreytt milli ára. Á landsvísu eru hlutföllin 63,2% konur og 36,7% karla sem er nær óbreytt á milli ára.

ÖA starfrækir fjölbreytt iðju- og félagsstarf, rekur eigið þvottahús og eldhús. Eldhúsið matreiðir fyrir íbúa og starfsmenn ÖA ásamt því að selja út heimsendan mat sem sótt er um hjá Búsetusviði bæjarins. Eldhúsið matreiðir um 1.200 skammta að meðaltali á mánuði eða um 40 skammta á dag í heimsendingu til aldraðra í heimahúsum.

Hér á eftir verður fyrst farið yfir niðurstöður hvernar kostnaðarstöðvar miðað við fjárhagsáætlun og gefnar skýringar á liðum sem eru utan áætlunar. Farið verður yfir helstu þætti í rekstri ÖA sem eru tekjur, laun, vörukaup og þjónustukaup og leitast við að útskýra hvað er á bak við valda liði.

Málaflokkur 177; Raun / Áætlun

Í töflu 1 og 2 hér að neðan er yfirlit yfir fjárhagsáætlun 2018 og raunstöðu kostnaðarstöðva ÖA.

Lyklar	Raun 2018	Áætlun 2018	Notað %
*** Rekstrartekjur	-2.515.819.228	-2.608.513.000	96
** 1771110 Raðhús	26.865.023	27.570.000	97
** 1771120 Sjúkraíbúðir	16.609	-1.688.000	-1
*** Dvalarheimili	26.881.631	25.882.000	104
** 1772120 Hjúkrunarheimilið Hlíð, sameig.	283.784.363	312.721.000	91
** 1772150 Reynihlíð - Skógarhlíð	446.154.216	473.774.000	94
** 1772160 Víðihlíð	344.555.353	348.936.000	99
** 1772170 Beykihlíð - Asparhlíð	334.980.707	343.089.000	98
** 1772180 Einihlíð - Grenihlíð	336.271.892	346.220.000	97
** 1772500 Lögmanshlíð	547.476.750	553.053.000	99
*** Hjúkrunarheimili	2.293.223.282	2.377.793.000	96
** 1774110 Iöju- og félagsstarf ÖA	31.680.590	41.100.000	77
** 1774120 Dagþjónusta í Hlíð	99.001.926	100.688.000	98
** 1774140 Dagþjálfun Austurhlíð			
*** Félagsstarf	130.682.516	141.788.000	92
** 1775140 Eldhús Hlíð	0	1.284.000	
** 1775200 Þvottahús Hlíð	2	288.000	0
*** Annar rekstur	2	1.572.000	0
** 1777010 Skrifstofa Öldrunarheimila	65.494.934	59.765.000	110
*** Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-463.138	1.713.000	-27
**** 177 Málaflokkur	-0		

Tafla 1 Rekstur ÖA 2018

Athugasemdir

Daggjöld samtals 62 m.kr. umfram áætlun. Þ.a. 43 m.kr. vegna 2017, launabætur og lífeyrisauki.

Nýting sjúkraíbúða var undir áætlun, 38%, gert ráð fyrir 50%.

Áfallið orlof 16 m.kr. undir áætlun. Uppgjör lífeyrisskuldbindinga LSR 24 m.kr.

Ófyrirséð súrefnisnotkun 2 m.kr. Bekjuvélar 1,5 m.kr. Húsbúnaður 1,5 m.kr. Þvottavél 3,8 m.kr.

Viðhald í þvottahúsi 1,8 m.kr. Tölvuþjónusta 1,8 m.kr. yfir áætlun og ræsting 1,2 m.kr. yfir áætlun.

Aðkeypt þjónusta hjúkrunarfræðings úr austurhlíðum; 3,8m.kr.

Dagvinna 4,8 m.kr. yfir áætlun vegna sérverkefna og skipulagsbreytinga.

Rekstrarniðurstaða 151 m.kr. umfram gjöld. Framlag Ak. 209 m.kr.

Tekjur

Í töflu 2 eru teknar saman tekjur, laun, vörukaup, þjónustukaup og fjármagnshreyfingar allra kostnaðarstöðva (heildaryfirlit). Í töflu 3 eru teknar saman tekjur, laun, vörukaup, þjónustukaup og fjármagnshreyfingar allra kostnaðarstöðva (heildaryfirlit).

Rekstraryfirlit ÖA	Raun 2018	Áætlun 2018	Mismunur	Mism.%
* Tekjur	-2.738.890.485	-2.829.776.000	90.885.515	97%
* Laun og launatengd gjöld	1.968.950.964	2.058.362.000	-89.411.036	96%
* Vörukaup	193.509.382	196.717.000	-3.207.618	98%
* Þjónustukaup	575.982.378	572.404.000	3.578.378	101%
* Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-463.138	1.713.000	-2.176.138	-27%
* Afskriftir	910.899	580.000	330.899	
Samtals	-	-	-	

Tafla 2 Heildaryfirlit rekstrar ÖA 2018-samandregið

Eins og sjá má eru tekjur 90 m. kr. undir áætlun aðallega vegna þess að framlag Akureyrarbæjar var 160 m. kr. undir áætlun. Skv. bókhaldsreglum er Akureyrarbæ gert að jafna/núlla rekstrarniðurstöðu fyrirtækja en ÖA þurfti ekki á öllu framlaginu að halda árið 2018.

Stærsti hluti tekna ÖA eru í formi daggjalda sem greiddar eru af ríkissjóði- Sjúkratryggingum Íslands (S.Í.). Erfitt er að áætla daggjöld þar sem fjárhagsáætlun ÖA er að jafnaði unnin áður en forsendur daggjalda liggja fyrir eða fjárlagafrumvarp afgreitt. Í töflu 3 hér að neðan má sjá þróun daggjalda frá árinu 2014. Athygli vekur hækkunin árið 2016 en í október það ár var undirritaður rammasamningur á milli hjúkrunarheimila og S.Í. hækkaði þá daggjaldið fyrir hjúkrunarrými og dvalarrými afturvirktt fyrir árið 2016. Árið 2018 hækkaði einingarverðið í tvígang.

Samantekt á daggjöldum.	Árið 2014	Árið 2015	Árið 2016	Árið 2017	Árið 2018	Árið 2018
Rai / RUG stuðlar	1,07	1,11	1,12	1,12	1,15	1,15
Hjúkrunarrými	23.538	25.298	27.873	29.270	30.707	31.572
Hjúkrunarrými % hækkun milli ára	5%	7%	10%	5,0%	4,9%	7,9%
Hjúkrunarrými hækkun í krónum milli ára	1.078	1.760	2.575	1.397	1.437	2.302
	Árið 2014	Árið 2015	Árið 2016	Árið 2017	Árið 2018	Árið 2018
Dvalarrými	11.135	11.668	13.722	14.409	14.914	15.334
Dvalarrými % hækkun milli ára	4%	5%	18%	5,0%	3,5%	6,4%
Dvalarrými hækkun í krónum milli ára	385	533	2.054	687	505	925
	Árið 2014	Árið 2015	Árið 2016	Árið 2017	Árið 2018	Árið 2018
Dagbjálfun C Almenn rými	5.800	6.091	6.492	6.698	6.895	6.895
C % hækkun á milli ára	4%	5%	7%	3,2%	2,9%	0,0%
Dagbjálfun B Sérhæfð rými	12.595	13.295	14.170	14.599	15.027	15.027
B % hækkun á milli ára	4%	6%	7%	3,0%	2,9%	0,0%
Kostnaðarþáttaka gesta dagbjálfunar, dregin frá greiðslu S.Í.	1.000	1.020	1.100	1.150	1.175	1.175
Kostnaðarþáttaka gesta dagbjálfunar, % hækkun	3%	2%	8%	5%	2%	0%

Tafla 3 Daggjöld og breytingar frá árinu 2014 til 2018

Rekstur ÖA – Árið 2018

Daggjöld eru greidd af Sjúkratryggingum Íslands (S.Í.). Ríkið ákveður hvað kostar að búa á hjúkrunarheimili í dvalar- eða hjúkrunarrýmum ásamt því að ákveða hvað það kostar að vera einn dag í dagþjálfun. Þessar tekjur eiga að standa undir almennum rekstrarkostnaði, öðrum en húsnæðiskostnaði, svo sem launum og launatengdum gjöldum, vöru- og þjónustukaupum. Húsnæðisgjald, einnig greitt af S.Í. og ákvarðað af ríkinu, er ætlað að standa undir rekstri og viðhaldi húsnæðis, en er mun lægra en raunkostnaður. Framlag Akureyrarbæjar er hugsað sem framlag til að brúa bilið á milli húsaleigu sem ÖA greiðir til bæjarins (220 m.kr.) og tekna af svokölluðu húsnæðisgjaldi (121 m.kr.) en bærinn hefur hins vegar lagt meira til rekstursins en sem nemur þeirri skilgreiningu. Nágrannasveitarfélög Akureyrar taka einnig þátt í kostnaði við rekstur ÖA og greiða fyrir aðgang að þjónustu. Endurgreiðslur eigin kostnaðarstöðva eru millifærslur á milli kostnaðarstöðva innan ÖA. T.d. þarf að jafna/núlla rekstur eldhúss og þvottahúss og sá kostnaður skiptist á milli heimilanna.

Leigutekjur með 11% virðisaukaskatti eru tekjur sem hljóttast af útleigu sjúkrafbúða ÖA. Í töflu 4 má sjá fjárhæð daggjalda, endurgreiðslur og fleiri tekjuliði innan ÖA.

Þessar tekjur eiga að duga ÖA fyrir öllum þeim tilkostnaði sem fylgir því að annast íbúa og gesti skv. kröfufýsingu, samningi og reglugerðum. Hér er meðtalinn allur dvalar-, matar-, og lyfjakostnaður, akstur, vörur og þjónustukaup ásamt launakostnaði.

Tekjur 2018	Upphæð
Daggjöld frá ríki	- 2.167.116.541
Húsnæðisgjald og sveitarfélög	- 141.504.561
Endurgreiðslur eigin kostnaðarstöðva	- 195.708.132
Framlög Akureyrarbæjar	- 208.589.560
Endurgr.VMST v.starfsmanna	- 10.060.232
Fæðissala	- 6.576.310
Leigutekjur (án vsk)	- 1.787.902
Leigutekjur (með 11%)	- 4.478.284
Veitingasala (m 11%)	- 1.799.780
Félagsstarf (ferðir og sala)	- 831.783
Aðrar tekjur	- 437.400
Samtals	- 2.738.890.485

Tafla 4 Heiti bókhaldslykla sem varða tekjur ÖA

Af daggjöldum taka íbúar á dvalar- og hjúkrunarheimilum og gestir dagþjálfunar þátt í greiðslu kostnaðar. Þetta þýðir að ríkið/Sjúkratryggingar Íslands draga greiðslupátttöku íbúa og gesta af daggjaldinu sem greitt er til hjúkrunarheimila. Daggjöld ÖA voru 2,2 m. kr. árið 2018. Þar af greiddu íbúar í hjúkrunarrýmum og dvalarrýmum sjálfir um 83 m. kr. af daggjaldinu Gestir í dagþjálfun greiddu sjálfir um 9 m. kr. af daggjaldinu.


Laun og launatengd gjöld

Launakostnaður ÖA var 96% af áætlun árið 2018 eða 89 m. kr. undir áætlun. Launatengd gjöld voru 6 m. kr. undir áætlun og tryggingargjöld 3 m. kr. undir áætlun. Í töflu 5 hér fyrir neðan má sjá hvernig launakostnaður skiptist á einstaka liði. Lífeyrisskuldbindingar koma inn sem endurgreiðsla og lækka launagjöld um 24 m. kr. Auk þess varð áfallið orlof mun lægra en gert var ráð fyrir í áætlun.

Lyklar	Raun 2018	Áætlun 2018	Mismunur	Notað. (%)
51110 Dagvinnulaun	1.313.520.041	1.349.273.000	35.752.959	97,35
51120 Yfirvinna	285.043.455	288.188.000	3.144.545	98,91
51800 Tryggingagjald	124.480.436	127.398.000	2.917.564	97,71
51810 Launatengd gjöld	257.790.958	263.902.000	6.111.042	97,68
51820 Vsk á laun	5.536.508	5.460.000	-76.508	101,40
51870 Lífeyrisskuldbinding, breyting	-24.159.411		24.159.411	
51875 Áfallið orlof, breyting	111.177	16.681.000	16.569.823	0,67
51940 Vinnufatnaður starfsmanna	3.462.084	4.070.000	607.916	85,06
51990 Starfsmannakostnaður, annar	3.165.716	3.390.000	224.284	93,38
* Laun og launatengd gjöld	1.968.950.964	2.058.362.000	89.411.036	96%

Tafla 5 Laun og launatengd gjöld

Launaútgjöld hækka alltaf á milli ára þrátt fyrir örlitla fækkun stöðugilda. Heildarlaun hækkuðu um 4% á milli árána 2017 og 2018 eða 55 m. kr. Útgjöld vegna yfirvinnu hækkuðu um 9% á milli 2017 og 2018 eða 18 m. kr.




Mynd 1 Laun og stöðugildi 2015 til 2018

Samanlagðar einingar í yfirvinnu árið 2015 voru 55.181 klst., árið 2016 voru þær 54.258 klst. og árið 2017 voru þær 54.372 klst. og árið 2018 voru þær 56.648 klst. Á myndinni má sjá stærstu liði yfirvinnunnar. Bláu súlurnar á næstu mynd tákna yfirvinnu sem er að einhverju leyti hægt að stjórna og appelsínugulu súlurnar eru yfirvinna vegna matar og kaffitíma sem er föst yfirvinna og reiknast eftir starfshlutfalli. Gráu súlurnar þýða stórhátíðarkaup og gulu

Rekstur ÖA – Árið 2018


tákna yfirvinnu sem er merkt vegna afleysinga vegna veikinda sem getur verið á stórhátíðardegi. Loks eru það dökkbláu súlurnar sem er yfirvinnuálag, þ.e. álagið er greitt út en tíminn tekinn út sem frí. Afleysing vegna veikinda er sú yfirvinna sem fer hækkandi ár frá ári. Annars jókst ýmis yfirvinna á milli árana 2017 og 2018 sem rekja má til skipulagsbreytinga og breytinga á skipan næturvakta.



Mynd 2 Yfirvinna (einingar)

Fjarvera


Skráð fjarvera vegna veikinda er í raun skráning til að halda utan um veikindarétt starfsfólks skv. kjarasamningum fremur en skráð fjarvera frá vinnu. Árið 2018 voru samanlagðir skráðir veikindadagar eða skráð fjarvera vegna veikinda starfsmanna 8.008 og verður árið að teljast nokkuð undir meðaltali. Árið 2017 voru dagarnir 7.944. Þá byrjaði árið erfiðlega en þróaðist undir meðaltali frá apríl. Árið 2016 var skráðir dagar 9.383 og varð fjarveran talsverð um og eftir mitt ár. Á mynd 3 má sjá fjölda fjarverudaga vegna skráðra veikinda starfsmanna og hvernig þróunin hefur verið undanfarn þrjú ár.



Mynd 3 Skráð fjarvera vegna veikinda starfsfólks

Í Vinnustund er fjarvera vegna veikinda skráð frá upphafi veikinda þar til starfsmaður mætir aftur í vinnu þrátt fyrir að veikindin sem slík hafi ekki varað alla þá daga. Þess vegna þarf að hafa fyrirvara á að upplýsingarnar endurspeglar ekki beint veikindafjarveru frá vinnu og eru ekki samanburðarhæfar við aðra nema um sé að ræða sömu framkvæmd á skráningunni.

Fjarvera vegna barna er mælt í klukkustundum en hún er nokkuð jöfn ár frá ári.



Mynd 4 Fjarvera vegna barna (klst)

Tekjur og gjöld

Laun og launatengd gjöld er stór hluti af daggjöldum. Í töflu 6 eru daggjöldum deilt í laun og launatengd gjöld. Niðurstaðan er að launin eru 92% til 98% af tekjum. Sjúkratryggingar Íslands gera ráð fyrir því að hlutfallið sé 80%. Mismunurinn á milli daggjalda og launa er of lítill og höfðu ÖA aðeins um 79 m. kr. árið 2017 til að greiða önnur útgjöld vegna vörukaupa, þjónustukaupa og fjármagnskostnaðar á árinu. Staðan eða launahlutfallið af tekjum, lagaðist örlítið á árinu 2018 vegna afturvirkra greiðslna en þá varð munurinn 174 m. kr. eða um 92%. ÖA fær aðrar tekjur s.s. húsnæðisgjald og greiðslur frá nágrannasveitarfélögum til að mæta hluta af þessum mismun. Til þess að rekstrarniðurstaða verði jöfnuð greiðir Akureyrarbær framlag til rekstursins.

Skýring / Ár	2015	2016	2017	2018
Laun utan lífeyrisskb.	1.692.828.499	1.878.856.668	1.911.087.113	1.993.110.375
Vörukaup	194.326.341	187.451.498	184.308.204	193.509.382
Þjónustukaup (utan að)	394.990.628	380.833.478	397.175.923	403.071.032
Útgjöld samtals	2.282.145.468	2.447.141.644	2.492.571.240	2.589.690.789
Daggjöld	1.781.276.802	1.921.468.133	1.995.445.332	2.167.116.541
Húsnæðisgjald	87.739.860	95.858.284	110.904.155	121.704.305
Greiðslur frá sveitarfélögum	14.504.092	15.212.880	17.125.196	18.939.721
Tekjur frá ríki samtals	1.883.520.754	2.032.539.297	2.123.474.683	2.307.760.567
Laun sem hlutfall af daggjöldum	95%	98%	96%	92%
Mismunur launa og daggjalda	88.448.303	42.611.465	84.358.219	174.006.166
Framlag Akureyrarbæjar	458.767.773	442.991.383	339.030.815	208.589.560


Tafla 6 Laun og launatengd gjöld og tekjur

Vörukaup

Vörukaup ÖA námu tæplega 194 m. kr. árið 2018 eða á bilinu 16 m. kr. á mánuði. Áætlun hljóðaði upp á rétt tæpar 197 m. kr. og var raunin því 3 m. kr. undir áætlun eða 98%.


Þegar vörukaup eru skoðuð má sjá að matvörur veða þyngst. Útgjöld ÖA vegna matvara var 79 m. kr. á árinu 2018, líkt og undan farin ár. Árið 2015 voru þau þó 82 m. kr. en á því ári tóku ÖA upp Timian kerfið. Í beiðnakerfi Timian getum við skoðað hvernig kostnaðurinn þróast og hvað liggur á bak við hann. Athugið að beiðnakerfi Timian sýnir ekki kostnað vegna matar sem eldhúsið eldar og bakar t.d. í hádeginu. Sá kostnaður er enn sem komið er áætlaður og skipt á kostnaðarstöðvar miðað við fjölda og bókaður undir þjónustukaup; þátttaka í rekstri eigin kostnaðarstöðva. Beiðnakerfið gefur upplýsingar um hvað kostnaðarstöðvarnar panta frá sameiginlegum lager, verð og magn.

Á myndinni Rekstrareiningar, mynd 5, má sjá hvernig innkaup í beiðnakerfi Timian hafa þróast frá árinu 2016 á Hlíð og í Lögmannshlíð. Útgjöld vegna innkaupanna haldast nokkuð jöfn á milli ára sem má teljast gott miðað við þróun matarverðs í landinu á sama tíma.



Mynd 5 Matarkostnaður rekstrareininganna í Hlíð og Lögmannshlíð


Til að fá samanburðahæfar tölur skoðum við fyrst Lögmannshlíð því þar eru rekstrareiningarnar allar eins og 9 íbúar á hverju heimili. Árgerði og Kollugerði eru með lægstu útgjöldin á árinu eða rúmar 1,2 til 1,4 m. kr. Hæstu útgjöldin eru á Sandgerði, rúmar 1,6 m. kr. Flest heimilin hafa aukið innkaup frá árinu á undan að undanskildu Kollugerði. Sjá mynd 6.



Mynd 6 Matarkostnaður heimila á Lögmannshlíð (beiðnakerfi Timian)

Á mynd 7 má sjá útgjöldin á heimilum Hlíðar. Einihlíð dregur úr útgjöldum sínum. Víðihlíð lækkar sín útgjöld frá árinu á undan. Útgjöldin aukast hjá Grenihlíð og um 11% hjá Asparhlíð frá árinu á undan. Útgjöldin aukast í Furuhlíð en eru þó lægri en árið 2016. Innkaupin hjá Lerkihlíð lækka en hækka hins vegar í Reynihlíð.

Athugið að íbúar á Eini- og Grenihlíð, Aspar- og Beykihlíð eru vanalega 15 á hverju heimili. Íbúar í Víðihlíð eru að jafnaði 16 og í Furuhlíð 14. Í Austurhlíðum eru 37 rými og 17 þeirra eru skammtímarými. Í Birkihlíð eru jafnan 8 íbúar, í Lerkihlíð 11, Reynihlíð 10 og 9 í Skógarhlíð. Við samanburð þarf því að gæta að breytilegum fjölda íbúa að baki tölunum, en myndin sýnir þróun á hverju heimili- miðað við sjálft sig..




Rekstur ÖA – Árið 2018

Mynd 7 Matarkostnaður heimila á Hlíð (beiðnakerfi Timian)


Innkaup í félagsstarfi og sólarkaffi eru um 800.000 kr. á ári, aðallega vegna sölu og koma því tekjur þar inn á móti. Innkaup á skrifstofu eru um 170.000 kr. á ári, í þvottahúsi um 60.000 kr. og í raðhúsum um 100.000 ári.

Hægt er að kalla fram margskonar upplýsingar úr Timian en þeim verður ekki öllum gerð skil hér. Hægt er að skoða útgjöld vegna innkaupa á Smjörva og Smjöri sem dæmi, sjá mynd 8. Árið 2016 var keypt Smjöva fyrir rúma 1 m. kr. í heild á ÖA. Innkaupin lækkuðu í 865.000 kr. árið 2017 og örlítið meiri lækkun átti sér stað árið 2018. Innkaup á Smjöri hafa hins vegar hækkað úr 260.000 kr. árið 2016 í 380.000 kr. árið 2018 eða 48%.



Mynd 8 Matarkostnaður, Smjörvi og smjör (beiðnakerfi Timian)

Kaffið er stór útgjaldaliður hjá ÖA. Á árinu 2016 var keypt kaffi fyrir 4,1 m. kr. Útgjöldin hafa lækkað örlítið á milli ára og voru 3,7 m.kr. árið 2018.




Mynd 9 Matarkostnaður, kaffi (beiðnakerfi Timian)

Rekstur ÖA – Árið 2018

Síðustu ár hafa Víðihlíð og Einihlíð mest þurft á kaffinu að halda. Víðihlíð hefur keypt kaffi fyrir um 380.000 kr. að meðaltali sl.3 ár og Einihlíð fyrir 340.000 kr. að meðaltali. Hins vegar haldast útgjöldin nokkuð jöfn eða lækka á öðrum heimilum eins og sjá má á mynd 9 hér að ofan nema hjá Grenihlíð og í Dagþjálfun Grænuhlíð þar sem aukning er ár frá ári.


Annar stór útgjaldaliður í rekstri ÖA eru lyf og hjúkrunarvörur. Árlega eru keypt lyf og hjúkrunarvörur fyrir 54 til 63 m. kr. Á mynd 10 hér að neðan sést hvernig kostnaðurinn hefur þróast. Þegar á heildina er litið er kostnaður ÖA að lækka með árunum. Árið 2014 námu heildarútgjöldin í lyf og hjúkrunarvörum 62,8 m. kr., árið 2015 64,8 m. kr., árið 2016 55,4 m. kr. og árið 2017 voru útgjöldin 54,5 m. kr. Þess má geta að árið 2014 hófst samstarfsverkefni ÖA, Þulu og Lyfjavers um rafræna lyfjaskráningu; ALFA.



Mynd 10 Lyf og hjúkrunarvörur, heildarkostnaður


Á mynd 11 má sjá hvernig kostnaðurinn skiptist á heimilin og sameiginlegan lager og hvernig kostnaðurinn hefur þróast undanfarin ár. Sjá má að útgjöldin fara lökkandi á öllum heimilum nema Víði-Furuhlíð og þá hækkun má rekja til lyfjakostnaðar.

Hafa ber í huga að íbúafjöldi er misjafn eftir heimilum auk þess sem kostnaður getur verið mjög misjafn eftir þörfum hvers og eins íbúa.



Mynd 11 Lyf og hjúkrunarvörur, kostnaður eftir heimilum

Á mynd 12 má sjá undirflokkka bókhaldslykilsins. Lyf í hjúkrunarrýmum vega þyngst og kosta ÖA um 36 til 42 m. kr. á ári. Aðrir flokkar kosta ÖA um 1 til 6 m. kr. árlega. Lyfjakostnaður hefur farið lækkandi undanfarin ár eða um 6 m. kr. á milli árunna 2014 og 2018. Útgjöld vegna ýmissa hjúkrunarvara hafa einnig farið lækkandi. Bleiukostnaður lækkaði um 16% frá 2017 til 2018 og útgjöld fæðubótaefni haldast þokkalega stöðug. Útgjöld vegna súrefnis sveiflast mikið og hafa farið hækkandi frá árinu 2016.




Mynd 12 Lyf og hjúkrunarvörur, mánaðarlegur kostnaður eftir flokkum

Súrefniskostnaður er flókin samsetning á milli súrefniskúta og súrefnisvéla og þörf íbúa fyrir hvoru tveggja. Útgjöld í súrefni voru 4 m. kr. árið 2014 og 4,6 m. kr. árið 2015. Árið 2016 voru gerðir nokkrir samningar með súrefniskútana og voru útgjöld það ár 2 m. kr. lægri en árið á undan Útgjöldin hafa hækkað töluvert síðan. Árið 2017 fór í 3,7 m. kr. og árið 2018 náði 5,4 m. kr. Rekja má stærsta hluta hækkunarinnar á milli ára til eins nýs íbúa.

Rekstur ÖA – Árið 2018


Eina leiðin til að sporna við auknum útgjöldum í súrefni er gott viðhald á súrefnisvélum og vakandi auga með breytingum hjá íbúum sem þurfa súrefni daglega.

Á næstu mynd (13) má sjá hvernig útgjöld vegna súrefnis breytast mánaðarlega.



Mynd 13 Lyfjakostnaður, súrefni.


Hreinlætisvörur eru einnig nokkuð stór þáttur í útgjöldum ÖA. Á árinu 2018 nam þessi kostnaður 9,3 m. kr. og lækkaði úr 9,8 m. kr. frá árinu á undan. Á mynd 14 má sjá útgjöld vegna innkaupa á hreinlætisvörum frá 2014. Útgjöldin fara lækkandi en eru rúmlega 9 m. kr. árlega.



Mynd 14 Hreinlætisvörur, útgjöld ÖA


Rekstur ÖA – Árið 2018

Á mynd 15 má sjá útgjöld ÖA í áhöld og ýmsa muni. Þessi útgjöld hafa aukist töluvert á undanförunum árum. Útgjöld Dagþjálfunar námu 2,5 m. kr. árið 2016 og eru að stærstum hluta tilkomin vegna sameiningar dagþjálfunar í Víðilundi og Hlíð. Keyptir voru hvíldarstólar, ísskápur og húsgögn. Þessi kostnaður er tilfallandi vegna flutninga. Í eldhúsi voru keypt áhöld og munir fyrir 2,3 m.kr. Á heimilunum getur skipt miklu máli hver þörf íbúa er þar sem ófyrirséð útgjöld vegna hjálpartækja sem tilheyra hverjum og einum geta vegið þungt. Önnur ástæða þess að útgjöld eru að aukast er tímabær endurnýjun ýmissa hjálpartækja og véla. Á árinu 2018 var farið var í endurnýjun í þvottahúsi og t.d. keypt þvottavél fyrir 3,8 m. kr. Áframhald verður á þessari endurnýjun þar sem vélarnar eru margar hverjar yfir 20 ára gamlar. Einnig þurfti að endurnýja bekvúvélur á tveimur heimilum, kostnaður upp á 1,5 m. kr. og þannig mætti lengi upp telja.



Mynd 15 Útgjöld í áhöld og munir

Rafmagn og hiti er annar nokkuð stór biti. Samanlagt fóru 25 m. kr. í þessa tvo liði og hefur rafmagnið hækkað um 600 þ. kr. á ári að meðaltali eða um 23% frá árinu 2014. Að lokum má nefna nokkur mismunandi flokka af vörukaupum til að mynda rekstrarvörur sem eru tæpar 4 m. kr. á ári. Rúm milljón fer í skrifstofuvörur árlega. Tölvur eru orðin lykilþáttur í allri starfsemi ÖA og eins og sjá má hefur fjárfesting í þeim aukist tölvuvert undanfarið.



Mynd 16 Ýmisleg útgjöld

Þjónustukaup

Þjónustukaup ÖA voru rúmar 576 m. kr. árið 2018 og voru 3,6 m. kr. yfir áætlun ársins. Stærstu þjónustuliðirnir eru; húsaleiga (221 m. kr.), þátttaka í rekstri eigin deilda (176 m. kr.), þjónusta heilbrigðisstétta (58 m. kr.) og ræsting húsnæðis (38 m. kr.).

ÖA greiða rúmlega 18 m. kr. á mánuði til Akureyrarbæjar í húsaleigu og 6 m. kr. í lausafjárleigu eða um 500 þ. kr. á mánuði. Þar að auki má nefna að ÖA greiða 12,5 m. kr. á ári fyrir þjónustu á vegum Akureyrarbæjar s.s. á launa- og fjársýslusviði.

Þátttaka í rekstri eigin deilda er áætlaður kostnaður allra kostnaðarstöðva í rekstri eldhúss og þvottahúss sem síðan er gerður upp í lok árs. Gera þarf upp eldhús og þvottahús vegna þess að um er að ræða rekstrareiningar á samkeppnismarkaði sem greiða þarf af virðisaukaskatt, t.d. af launum.


Þjónusta heilbrigðisstétta er kostnaður sem ÖA ber vegna íbúa í hjúkrunarrýmum og dvalarrýmum. Kostnaðurinn skiptist niður á nokkra verkþætti en þeir eru; læknskostnaður, læknaþjónusta, rannsóknir, röntgen myndatökur og sjúkraþjálfun. Í töflu 7 hér fyrir neðan má sjá hvernig útgjöld í einstaka verkþætti hafa þróast á árunum 2015 til 2018.

Þjónusta heilbrigðisstétta	2015	2016	2017	2018
Læknisþj. SAK.	30.380.394	30.614.376	31.487.892	32.064.823
Sjúkraþjálfun, hjúkrun	12.303.596	13.918.950	14.905.431	16.164.633
Rannsóknir, hjúkrun	5.675.372	6.729.299	6.209.881	4.550.204
Læknar, hjúkrun	2.721.595	2.382.528	2.373.920	2.229.058
Sjúkraþjálfun, dvalar	2.299.520	1.732.414	1.856.252	2.251.609
Önnur sérfræðiþjónusta	1.937.802	1.565.879	342.460	545.670
Rannsóknir, dvalar	489.055	277.625	238.083	295.425
Læknar dvalar	391.515	307.334	91.119	286.985
Rannsókn, skt.rými			9.495	269.336
Sjúkraþjálfun, annað				117.542
Læknar, skt.rými			12.030	28.863
Samtals	56.198.849	57.528.405	57.526.563	58.804.148

Tafla 7 Þjónusta heilbrigðisstétta, verkþættir


Læknaþjónustan kostar ÖA rúmlega 30 m. kr. árlega en hækkar hóflega á milli ára eða um 2% að meðaltali. Kostnaður vegna sjúkraþjálfunar hefur hins vegar hækkað töluvert eða um 10% eða meðaltali á milli ára. Fjölgun hjúkrunarrýma á þátt í því en árið 2015 voru ÖA með heimild fyrir 169 hjúkrunarrýmum og í lok árs 2018 var heimildin 172 rými. Útgjöld vegna sjúkraþjálfunar á hvert rými hafa engu að síður hækkað um 29% á þessum þremur árum.

Heimilin kaupa þjónustu heilbrigðisstétta og kostnaðurinn er bókfærður á hvert og eitt heimili. Á mynd 17 má sjá hvernig þessi útgjöld hafa verið bókfærð á heimililin frá árinu 2015. Sjá má að útgjöld Lögmannshlíðar lækkuðu um 1,3 m. kr. á milli áruna 2017 og 2018 eftir aukin útgjöld árin á undan. Útgjöld Víði- og Furuhlíðar og Aspar- og Beykihlíðar hækka hins vegar um rúma milljón hvor um sig. Þessar sveiflur stafa að mestu af því að þörf íbúa fyrir þjónustuna getur verið mjög misjöfn.



Mynd 17 Þjónusta heilbrigðisstétta á heimilum

Útgjöld vegna sjúkraþjálfunar er eins og fyrr er greint frá helsti orsakavaldur útgjalda aukningar hjá heimilum. Árið 2018 nam kostnaðurinn 15 m. kr. Á mynd 18 má sjá hvernig útgjöldin hafa þróast eftir heimilum. Töluverð aukning var á kostnaði við sjúkraþjálfun í Lögmannshlíð á árunum 2015 til 2017 sem rekja má m.a. til undantekningartilviks vegna íbúa. Sjúkraþjálfun er að kosta rúmlega 100.000 kr. á hvern íbúa á ári að meðaltali og er hæstur í Aspar- og Beykihlíð eða 118.000 kr. á hvern íbúa á ári að meðaltali.




Mynd 18 Þjónusta heilbrigðisstétta, sjúkraþjálfun

Ræsting húsnæðis er nokkuð stór útgjaldaliður. Með ræstingu er átt við hefðbundin þrif á húsnæðinu en einnig gluggaþvott, bónun og djúphreinsun á stólum svo eitthvað sé nefnt.

Rekstur ÖA – Árið 2018

Verkið er unnið af verktökum þar sem útboð eru gerð fjórða hvert ár. Útgjöld vegna ræstingar voru um 35 m. kr. árið 2015, 37 m. kr. árið 2016, 35,5 m. kr. árið 2017 og 38 m. kr. á árið 2018.




Mynd 19 Ræsting húsnæðis

Á mynd 20 koma fram hinir ýmsu þjónustubættir sem telja þó nokkuð í bókahaldinu. ÖA er skylt að greiða tryggingar vegna starfsfólks og nam sú upphæð 10,7 m. kr. árið 2018 og hækkaði töluvert frá síðasta ári. Hugbúnaðar- og tölvuþjónusta eru gjöld vegna hugbúnaðar eins og Alfa; rafræna lyfjaskráningin, Saga; heilbrigðisskráningin, útgjöld til Advania fyrir þeirra þjónustu, Origo vegna Timian og fleira og fleiri fyrirtækja. ÖA greiddu 2,7 m. kr. fyrir losun á úrgangi árið 2018 og 42% af þeim kostnaði er óflokkaður úrgangur.

Viðhald vegna fasteignar nam 2,2 m. kr. árið 2018 og 650.000 kr. af þeim kostnaði var vegna sjúkrakallskerfa. Viðhald var sérstaklega hátt árið 2017 vegna flutnings dagþjálfunar úr Víðilundi í Hlíð.

Námskeiðsgjöld námu 1,7 m. kr. Netáskriftir eru að stærstum hluta útgjöld vegna erlends niðurhals (1,2 m. kr.) en einnig línugjald ljósleiðara (800 þ. kr.) og fleira minna. Auknar kröfur, meiri gæði myndefnis o.þ.h. hafa aukið þessi útgjöld undanfarin ár. Lengi má nú telja upp útgjaldaliði vegna þjónustubátta en hér verður staðar numið að sinni.




Mynd 20 Ýmsir þjónustukaup

Útgjöld til akstursþjónustu hefur hækkað umtalsvert undanfarin ár. Sérstaklega er það vegna aksturs með gesti dagþjálfunar á milli eigin heimilis og ÖA. Þessi kostnaður hækkaði á árinu 2016 vegna sameiningar dagþjálfunar í Víðilundi og Hlíð en á móti lækkaði kostnaður vegna leigubifreiða um 340.000 kr. á milli ára aðallega vegna sameiningarinnar. Árið 2017 hækkaði ferliþjónusta gjaldið fyrir hvern ekinn km. umtalsvert eins og sjá má á mynd 21.

Útgjöld vegna leigubifreiða voru 5,9 m. kr. árið 2015 og átti dagþjónustan 4,5 m. kr. af því eða 76%. Árið 2016 kostuðu leigubifreiðar um 5,5 m. kr. Dagþjálfun átti 4,6 m. kr. af því eða 84%. Árið 2017 námu útgjöldin 4,5 m. kr. og átti dagþjálfun 4,2 af því eða 93%. Sömu sögu má segja um árið 2018. Leigubílar kostuðu Lögmanshlíð tæpa milljón árið 2015. Sá kostnaður var 173 þ. kr. árið 2018 eftir fjárfestingu í bíl fyrir heimilið (Rauðhetta) og breytingar á akstri á mat um helgar.

Loks eru það bílaleigubifreiðar en það munar mestu að árið 2016 kostaði rekstrarleigusamningur vegna Rauðhettu; 907 þ. kr. Það verður að hafa það í huga að stór hluti þessa kostnaðar er vegna kynnisferða sem eru endurgreiddar.



Mynd 21 Útgjöld vegna aksturs

Hugleiðingar

Öldrunarmál eru sameiginlegt verkefni sveitarfélaga og ríkisins og greiðslur til hjúkrunarheimila eru í formi daggjalda sem ákvörðuð eru með samningum eða ákveðin einhliða af ríkinu. Hjúkrunarheimili eru rekin á ólíkum forsendum út um allt land. Þau eru rekin af sveitarfélögum eins og ÖA, eða af ríkinu, og geta verið sjálfeignastofnanir, félagssamtök og einkahlutafélög.

Árið 2018 fengu ÖA 2.167 milljónir kr. í formi daggjalda og greiðslupátttöku. Af því voru 45 m. kr. vegna ársins 2017 í formi launa- og lífeyrisbóta. Þessar tekjur hafa þau aukist töluvert undanfarin 3 ár. Breytingar hafa verið gerðar á samsetningu rýma, hjúkrunarrýmum hefur fjölgað og dvalarrýmum hefur fækkað. Í lok ársins var heimild gefin fyrir breytingu á hjúkrunarrýmum og nú eru ÖA með þrjú geðrými. Hjúkrunarþyngd í formi RUG-stuðuls hækkaði einnig á árinu sem hefur áhrif til hækkunar á daggjaldtekjum.

Laun og launatengd gjöld námu 1,97 ma. kr. Það þýðir að 91% daggjaldsins fóru í laun og launatengd gjöld. Afgangurinn 198 m. kr. þurfti því að duga til að mæta öllum vöru- og þjónustukaupum ÖA. Þetta bil brúar Akureyrarbær með framlagi sem var 209 m.kr. árið 2018. Húsaleiga ÖA til Akureyrarbæjar var eins og áður segir 221 m. kr.

Vörukaup ÖA hafa ekki haldið í við verðlagsþróun í landinu heldur hafa þau haldist nokkuð jöfn undanfarin. Tímabærar fjárfestingar í þvottahúsi var orðinn nauðsynlegar og koma til með að halda áfram á næsta ári. Einnig voru endurnýjaðir skolpottar/bekjuvélar á tveimur heimilum, súrefnisvélar keyptar og töluverð endurnýjun húsgagna. Stærstu liðirnir eru þó matvörur og lyf og hjúkrunarvörur og þar hafa ÖA gert áhugaverðar tæknilegar breytingar sem skilað hafa árangri bæði hvað varðar nýtingu fjármuna og mannafla.

Þróun þjónustukaupa er ekki alveg jafn hagkvæm en þau útgjöld haldast að miklu leiti í hendur við þróun launa í landinu. Ræsting hækkar um 8% á milli árána 2017 til 2018, tryggingar um 49%, viðhald búnaðar um 37% og tölvu- og hugbúnaðarþjónusta um 30%. Erfitt er að ráða við þessar breytur en nú er þó í gangi vinna varðandi sjúkrakallkerfin en viðhald þeirra eykst nú ár frá ári og kostar yfir milljón árlega.

Lengi má gott bæta og til þess þarf að leita leiða nýrra leiða og sem kunna að vera jafnvel óþekktar, sérstaklega í nærsamfélaginu. Á undanfönum árum hefur starfsfólk ÖA farið ýmsar nýjar og framsæknar leiðir í málefnum ÖA og öldrunarþjónustu, hvort sem um velferðartækni er að ræða eða stefnu og áherslur í umönnun. Alfa kerfið, Timian, Memaxi, Þjónandi leiðsögn, Eden og Sólskinsklúbbur eru allt dæmi um það frábæra starf á undanfönum árum sem starfsfólk ÖA hefur unnið svo vel að eftir er tekið og gott orðspor spyrst út. Á árinu 2018 unnu ÖA til verðlauna fyrir „Framúrskarandi verkefni í nýsköpun í opinberri þjónustu og stjórnsýslu“ fyrir Alfa verkefnið. Á árinu var undirrituð viljayfirlýsing um frekara samstarf ÖA og Alheimersamtakanna og ráðinn sérfræðingur á sviði heilabilunar inn til ÖA. Aðstandendaskólinn hófst og gefin var út bæklingur um einmanaleika. Loks má nefna að fyrsta skrefið í átt að sveigjanlegri dagþjálfun var einnig tekið á því ári með viðræðum og umsókn til heilbrigðisráðuneytis, sem samþykkt var síðari hluta árs 2018.

Verum áfram leiðandi í öldrunarmálum, óhrædd við verkefnin og nýjungar sem mögulega hjálpa til að finna og þróa lausnir. Með sameiginlegri sýn á það hvernig öldrunarþjónustan

Rekstur ÖA – Árið 2018

þarf að vera í framtíðinni vinnum við saman að því að gera hana þannig að við viljum sjálf þiggja hana þegar við þurfum á því að halda.

Akureyri, 06.06.2019 til 11.10.2019.

Lúðvík Freyr Sæmundsson, rekstrarstjóri ÖA